

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 18

2. árgangur

18.5.1995

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/18/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.576 - Ferruzzi Finanziaria/Fondiaria).....	01
95/EES/18/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.580 ABB/Daimler-Benz)..	02
95/EES/18/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.586 - Generali/COMIT/R. Flemings).....	02
95/EES/18/04	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.421 - IBM-Philips Semiconductors).....	03
95/EES/18/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.564 - Havas Voyage/American Express).....	04
95/EES/18/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.572 - GEHE/AAH).....	04

95/EES/18/07	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	04
95/EES/18/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/494/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Færeyjum.....	05
95/EES/18/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/436/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Chíle.....	05
95/EES/18/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 81/92/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Úrúgvæ sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	05
95/EES/18/11	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. apríl 1995 um breytingu á ákvörðunum 92/325/EBE og 93/242/EBE um ákveðnar verndarráðstafanir gegn gin- og klaufaveiki í Búlgaríu.....	06
95/EES/18/12	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.....	07
95/EES/18/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 1. 5. til 5. 5. 1995.....	07
95/EES/18/14	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	08

### 3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.576 - Ferruzzi Finanziaria/Fondiarìa)

95/EES/18/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Ferruzzi Finanziaria SpA öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Fondiarìa SpA með hlutabréfakaupum. Hingað til hefur Fondiarìa SpA verið undir sameiginlegum yfirráðum Ferruzzi Finanziaria SpA og Macla International SA, sem er eignarhaldsfélag er annast endurflokkun eignarhluta erfingja Camillo de Benedetti.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Ferruzzi Finanziaria SpA: eignarhaldsfélag sem á hagsmuna að gæta í iðnaði sem byggist á landbúnaði, kemískum iðnaði, orku-, véla- og steinsteypuiðnaði svo og á sviði váttrygginga,
  - Fondiarìa SpA: eignarhaldsfélag sem starfar á sviði váttrygginga, fjármála og fasteigna.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 118, 13. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.576 - Ferruzzi Finanziaria/Fondiarìa, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.580 ABB/Daimler-Benz)****95/EES/18/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Asea Brown Boveri AG (ABB) og Daimler-Benz Aktiengesellschaft (Daimler-Benz) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem ber heitið ABB-Daimler-Benz Transportation, og munu báðir aðilar færa þangað núverandi starfsemi sína á sviði flutninga á járnbrautum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - ABB: vörur, uppsetningar og kerfi í tengslum við rafmagnsframleiðslu og - dreifingu, iðnaðar- og byggingatækni, flutningar á járnbrautum og fleira,
  - Daimler-Benz: bifreiðar og vöruflutningabílar; sjálfstýringartækni, járnbrauta- og rafeindakerfi; flugstjórnarkerfi og flugtækni, tölvuþjónusta og fleira.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 122, 18. 5. 1995. Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.580 ABB/Daimler-Benz og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.586 - Generali/COMIT/R. Flemings)****95/EES/18/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Assicurazioni Generali, Banca Commerciale Italiana (COMIT) og Robert Flemings Holdings Limited öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnaða fyrirtækinu „S.I.M. Co.Ge.F. Società di Intermediazione Mobiliare di Consulenza e Gestione Finanziaria - Società per Azioni“ (COGEF).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Assicurazioni Generali: tryggingar og endurtryggingar á sviði líffrygginga og skaðatrygginga,
  - Banca Commerciale Italiana: starfsemi á sviði banka- og fjármála,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

- Robert Flemings Holdings Limited: starfsemi á sviði bankamála og fjármála, váttrygginga- og fjárfestingaþjónusta,
  - COGEF: stofnun og stjórnun lífeyrissjóða.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
  4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 121, 17. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.586 - Generali/COMIT/R. Flemings, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

### **Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.421 - IBM-Philips Semiconductors)**

**95/EES/18/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem myndað er af International Business Machines Corporation („IBM“), fyrirtæki í Bandaríkjunum með dótturfyrirtæki innan EB, og Philips Semiconductors International B.V. („Philips“), fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt tilkynntum samningum ætla aðilar að fjárfesta sameiginlega í og starfrækja verksmiðju sem nú er í eigu og rekin af IBM-samstæðunni. Í kjölfar þessara fjárfestinga mun verksmiðjan framleiða tvær vörulínur dvergrása fyrir IBM og Philips. Vörur fyrirtækisins verða eingöngu seldar móðurfyrirtækjunum.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 117, 12. 5. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 09) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.421, og er heimilisfangið:

European Commission  
Directorate - General for Competition (DG IV)  
Directorate B  
Office 3/68  
Avenue de Cortenberg, 150  
B-1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.564 - Havas Voyage/American Express)**

95/EES/18/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.572 - GEHE/AAH)**

95/EES/18/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1995 um 95/EES/18/07  
breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir  
starfsstöðvar í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja  
nýtt kjöt til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 106, 27. 4. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 84/28/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um 95/EES/18/08  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/494/EBE um  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Færeyjum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/494/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Færeyjum í Stjttíð. EB nr. L 100, 3. 5. 1995. Í stað B-viðauka við ákvörðun 93/494/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um 95/EES/18/09  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/436/EBE um  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Chíle**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/436/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Chíle í Stjttíð. EB nr. L 108, 13. 5. 1995. Í stað B-viðauka við ákvörðun 93/436/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 1995 um 95/EES/18/10  
breytingu á ákvörðun 81/92/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar  
í Úrúgvæ sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til  
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 20. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 81/92/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Úrúgvæ sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjttíð. EB nr. C 113, 5. 5. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 81/92/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. apríl 1995 um 95/EES/18/11  
breytingu á ákvörðunum 92/325/EBE og 93/242/EBE um ákveðnar  
verndarráðstafanir gegn gin- og klaufaveiki í Búlgaríu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. apríl 1995 um breytingu á ákvörðunum 92/325/EBE og 93/242/EBE um ákveðnar verndarráðstafanir gegn gin- og klaufaveiki í Búlgaríu í Stj. EB nr. L 96, 28. 4. 1995. Með þessari ákvörðun er ákvörðun 92/325/EBE breytt sem hér segir:

1. Í 3. gr. fellur 1. mgr. niður.
2. Í stað 1. liðar V. þáttar í viðaukum A og B kemur eftirfarandi:  
  
„1. að Búlgaríu (að undanskildu Hasskónóhéraði) hefur á næstliðnum 24 mánuðum verið laus við gin- og klaufaveiki og á næstliðnum 12 mánuðum við nautapest, smitandi lungna- og brjóstthimnubólgu í nautgripum, munnblöðrubólgu og blátungu og að ekki hefur verið bólusett gegn neinum þessara sjúkdóma á næstliðnum 12 mánuðum, að bólusetning gegn gin- og klaufaveiki hefur verið bönnuð frá 29. ágúst 1991 og að innflutningur á dýrum sem hafa verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki hefur verið bannaður frá þeim degi;“
3. Í viðaukum A og B fellur VI. þáttur niður.
4. Í stað 1. liðar V. þáttar í viðaukum C og D kemur eftirfarandi:  
  
„1. að Búlgaríu (að undanskildu Hasskónóhéraði) hefur á næstliðnum 24 mánuðum verið laus við gin- og klaufaveiki og á næstliðnum 12 mánuðum við munnblöðrubólgu, svínapest, Afríkusvínapest, lömunarveiki í svínunum (Teschen-veiki), blöðruveiki í svínunum og vessablöðruútbrot og að ekki hefur verið bólusett gegn neinum þessara sjúkdóma á næstliðnum 12 mánuðum, að bólusetning gegn gin- og klaufaveiki hefur verið bönnuð frá 29. ágúst 1991 og að innflutningur á dýrum sem hafa verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki hefur verið bannaður frá þeim degi, að bólusetning gegn svínapest hefur verið bönnuð í minnst 12 mánuði og að innflutningur á dýrum sem hafa verið bólusett gegn svínapest er bannaður;“
5. Í viðaukum C og D fellur VI. þáttur niður.

Ákvörðun 93/242/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað orðanna „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/81/EB frá 10. febrúar 1994“ í d-lið 2. mgr. 5. gr. kemur „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/147/EB“.
2. Í stað orðanna „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/81/EB frá 10. febrúar 1994“ í d-lið 3. mgr. 5. gr. kemur „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/147/EB“.
3. Í stað orðanna „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/81/EB frá 10. febrúar 1994“ í 2. mgr. 6. gr. kemur „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/147/EB“.
4. Í stað orðanna „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/81/EB frá 10. febrúar 1994“ í 2. mgr. 7. gr. kemur „eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/147/EB“.
5. Í stað viðauka B kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

Ákvörðun 93/372/EBE fellur úr gildi.

**Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla 95/EES/18/12  
rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92  
um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum**

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum<sup>(1)</sup>, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 165, 21. 6. 1994.

Þýskaland hefur veitt tveimur flugfélögum í A-flokki og 8 í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi þriggja flugfélaga í A-flokki og eins flugfélags í B-flokki.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 95/EES/18/13  
ráðinu á tímabilinu 1. 5. til 5. 5. 1995**

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalagann

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmda stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu jöldi
COM(95) 143	CB-CO-95-169-EN-C <sup>(2)</sup>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um tillögu að reglugerð ráðsins, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, til að banna allan útflutning á hættulegum úrgangi til nýtingar frá OECD-löndum til landa sem ekki eru aðilar að OECD  Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu	26.4.1995	3.5.1995	96
COM(95) 152	CB-CO-95-175-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um bráðabirgðaráðstafanir í tollamálum í kjölfar aðildar Finnlands og Svíþjóðar að bandalaginu	2.5.1995	3.5.1995	6
COM(95) 154	CB-CO-95-177-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykkja Evrópusáttmálann um höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendinga um gervihnött milli landa	3.5.1995	3.5.1995	21
COM(95) 155	CB-CO-95-178-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að semja aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði almannavarna	4.5.1995	5.5.1995	19

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/18/14

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0075-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 222 ZV 25 fyrir persónuleitar- og fjarskiptabúnað í lokuðu farsmáþjónustunni um landstöðvar (NOEML)	14.6.1995
95-0076-P	Tækniforskriftir og leiðbeiningar varðandi tengingar við ISDN (samnýtt þjónusta í stafrænum netkerfum)	28.6.1995
95-0077-IRL	Drög að frumvarpi til laga um mælikerfi, 1995	21.6.1995
95-0078-DK	Tækniforskrift um viðbótarkröfur varðandi óbreyttan stöðugleika farþegaskipa sem nú eru í millilandasiglingum	15.6.1995
95-0079-F	Drög að fyrirmælum um hvernig gengið skuli frá skjölum fyrir umsókn um gerðarviðurkenningu	14.6.1995
95-0080-GR	Tæknileg reglugerð, ákvörðun um notkun insúlíns í formi matvæla og innihaldsefnis í matvæli	14.6.1995
95-0081-A	Drög að sambandsríkjalögum um breytingu á lögum um plöntuvarnarefni	Áríðandi
95-0082-F	SP-DGPT-ATAS-23, febrúarútgáfa 1995: tæknileg reglugerð um radióbúnað til breiðbands gagnaflytninga, sem er starfræktur á tíðnisviðinu 2,4 GHz og notar dreifisviðstækni	26.6.1995
95-0083-B	Ráðherrafyrirmæli um breytingu á ráðherrafyrirmælum frá 19. október 1979 um lokuð radíófjarskipti	24.7.1995
95-0084-NL	11. breyting á reglugerð um viðurkenningu á viðskiptum með blandað fóður	26.6.1995
95-0086-B	Konungsúrskurður um töku, meðhöndlun, geymslu og afhendingu á blóði úr mönnum og afleiðum þess	28.6.1995
95-0087-NL	Reglugerð um dýrafóður til framleiðslu á svínakjöti í samræmi við japanskan staðal frá 1995	26.6.1995
95-0088-DK	Tæknilegar reglugerðir um hreyfanlegan landfarstöðvarbúnað með innbyggðu loftneti	29.6.1995
95-0089-NL ( <sup>3</sup> ) ( <sup>4</sup> )	Drög að lögum um ný matvæli sem samin eru með hliðsjón af lögum um gæðaeftirlit með matvælum	29.6.1995

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(<sup>3</sup>) Hefubundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Frankvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Frankvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.